Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

Gervigreindarstefna Landbúnaðarháskóla Íslands

Skilgreining

Í stefnu þessari nær hugtakið gervigreind til kerfa sem geta unnið úr gögnum, greint mynstur, búið til texta, myndir, hljóð, kóða eða aðrar niðurstöður, og stutt við ákvarðanatöku eða sjálfvirkni.

1. Tilgangur og framtíðarsýn

Stefnan er sett fram til að tryggja ábyrga, gagnsæja og siðferðilega notkun gervigreindar í kennslu, rannsóknum, stjórnun og annarri starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands. Stefnan styður við framtíðarsýn háskólans um sjálfbærni, nýsköpun og samfélagslega ábyrgð, og er í samræmi við alþjóðlegar siðareglur. Stefnan tekur mið af því að gervigreind er öflugt tæki sem mun hafa veruleg áhrif á nám, kennslu, rannsóknir og störf, og að Landbúnaðarháskóli Íslands stefni að því að vera í fararbroddi í ábyrgri nýtingu gervigreindar á Íslandi.

2. Gildissvið

Stefnan nær til kennslu, rannsókna og stjórnsýslu. Hún gildir fyrir allt starfsfólk og nemendur háskólans.

Háskólinn skal setja nánari verklagsreglur og leiðbeiningar um notkun gervigreindar í kennslu, rannsóknum, stjórnsýslu og miðlun.

3. Meginreglur

a. Færni og þekking

Markmiðið er að nemendur og starfsfólk hafi framúrskarandi þekkingu og færni til að nýta gervigreind á ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt í námi og starfi. Háskólinn mun bjóða upp á markvissa fræðslu, leiðbeiningar og þjálfun um gervigreind fyrir allt háskólasamfélagið.

b. Skilvirkni og nýsköpun

Gervigreind skal nýtt til að auka skilvirkni í stjórnsýslu, rannsóknum og kennslu og skapa svigrúm til nýsköpunar. Gervigreind verður nýtt til að einfalda stjórnsýsluferla og gera þá skilvirkari, bæta þjónustu og draga úr endurtekinni handavinnu.

Áður en gervigreindarkerfi eru tekin í notkun í kennslu, stjórnsýslu, rannsóknum eða þjónustu skal meta áhættu, persónuvernd, öryggi, gagnsæi, aðgengi, mögulega hlutdrægni og áhrif á réttindi einstaklinga. Við innkaup eða innleiðingu slíkra kerfa skal tryggja að samningar, gagnavinnsla og tæknilegir innviðir samræmist lögum, reglum og stefnum háskólans.

c. Jafnræði og aðgengi

Háskólinn mun vinna að því að tryggja sem jafnastan aðgang starfsfólks og nemenda að nauðsynlegum gervigreindarhugbúnaði og innviðum.

d. Siðferði og akademískur heiðarleiki

Ákvarðanir sem byggja á gervigreind skulu vera rekjanlegar og skýrar. Þegar gervigreind er notuð við gerð efnis sem skilað er inn, birt eða notað í opinberri starfsemi háskólans skal, eftir eðli máls, greina frá því hvaða kerfi var notað, í hvaða tilgangi og hvernig niðurstöður voru yfirfarnar. Notkun gervigreindar skal uppfylla öll siðferðileg viðmið sem gilda innan háskólans um notkun á hugverkum annarra.

Kennarar skulu, eftir því sem við á, tilgreina í námskeiðslýsingum eða verkefnalýsingum hvort og með hvaða hætti notkun gervigreindar er heimil. Nemendur skulu upplýsa um notkun gervigreindar þegar hún hefur haft veruleg áhrif á efni, greiningu, úrvinnslu, texta, kóða eða niðurstöður verkefnis. Notkun gervigreindar leysir nemendur ekki undan ábyrgð á eigin skilningi, röksemdafærslu, heimildavinnu og niðurstöðum. Brot gegn fyrirmælum kennara um notkun gervigreindar við verkefnavinnu, ritgerðarsmíð eða í prófum geta varðað viðurlögum samkvæmt reglum háskólans um akademísk vinnubrögð, próf, verkefnaskil og ritstuld.

Við notkun gervigreindar í rannsóknum skal tryggja vísindaleg heilindi, gagnsæi, endurtekningarhæfni og rétta meðferð heimilda og gagna. Gervigreind má ekki vera skráð sem höfundur fræðilegs verks. Rannsakendur bera ábyrgð á að sannreyna niðurstöður, heimildir, útreikninga, kóða og túlkanir sem verða til með aðstoð gervigreindar.

e. Persónuvernd og GDPR

Gögn skulu unnin í samræmi við persónuverndarlög og almenna persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins (GDPR). Óheimilt er að setja persónugreinanlegar upplýsingar, viðkvæm rannsóknargögn, trúnaðarupplýsingar, óbirtar niðurstöður, prófgögn eða önnur gögn sem háskólinn ber sérstaka ábyrgð á inn í opin eða óvottuð gervigreindarkerfi nema fyrir liggi heimild, áhættumat og viðeigandi vinnslusamningar.

f. Mannlegt framlag og ábyrgð

Endanleg ábyrgð á öllu efni sem skilað er inn eða birt á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands liggur alltaf hjá notanda (nemanda, kennara, rannsakanda eða starfsmanni). Gervigreind skal styðja við

sköpun og hugsun en ekki koma í stað hennar. Til að teljast höfundur verks sem unnið er með aðstoð gervigreindar þarf notandi að leggja fram verulegt eigið vitsmunalegt framlag.

4. Endurskoðun

Stefnan skal endurskoðuð árlega.

Samþykkt af Háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands 27.05.2026.